



Borgarráð

Tillaga vegna áhrifa Airbnb á húsnæðismarkað

Lagt er til að starfshópur um innleiðingu húsnæðissáttmála fái það verkefni að greina umfang gistingar ferðamanna í íbúðarhúsnæði í Reykjavík, með og án leyfa, eftir því sem næst verður komist. Verkefnið verði unnið í samvinnu við sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu, innviðaráðuneytið og/eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Greinargerð:

Nokkurra ára reynsla er nú komin á breytt lög um gistingu þar sem markmiðið var að ná betur utan um leyfisveitingamál og eftirlit með tilkomu örrar þróunar ferðaþjónustu og tilkomu Airbnb og annarra bókunarsíða. Einnig voru sett ákvæði í aðalskipulag Reykjavíkur til að stýra staðsetningu og þróun þessara mála innan íbúðarhverfa og borgarmarkanna. Markmiðið var að takmarka áhrif ferðamannagistingar á húsnæðismarkað.

Mikil vinna var unnin af hálfu borgarinnar fyrir heimsfaraldur. Samningaviðræður stóðu yfir við Airbnb árið 2018 um tvíhliða samning. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar sneru aðallega að því að ná samkomulagi við fyrirtækið um eftirfarandi atriði sem miða að framfylgd laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

- að ekki verði hægt að skrá húsnæði í Reykjavík á Airbnb nema að hafa lokið skráningu í samræmi við 13. gr. laga nr. 85/2007 eða afhenda afrit rekstrarleyfis við skráningu.
- að gera leyfis- eða skráningarnúmer sýnilegt á síðu hvers gestgjafa.
- að setja rafrænt þak á skráningu umfram 90 daga eða hámarksfjárhæð samkvæmt gildandi lögum.
- að auka upplýsingagjöf um ákvæði íslenskra laga varðandi heimildir til skammtímagistingar.
- að veita aðgang að upplýsingum um notendur síðunnar og taka við upplýsingum um þá sem verða uppvísir að brotum á lagaákvæðum um skammtímagistingu.

Í lok árs 2018 náðist síðan áfangasamkomulag á milli Airbnb og Reykjavíkurborgar en þá opnaði fyrirtækið sérstakan reit til útfyllingar fyrir notendur (gestgjafa) síðunnar í Reykjavík þar sem tilgreina skal leyfis-/skráningarnúmer. Fyrirtækið og Reykjavíkurborg stóðu fyrir sameiginlegum upplýsingafundi fyrir hóp íslenskra notenda þar sem nýtt lagaumhverfi var kynnt og spurningum svarað. Á þessum tíma var talið mikilvægt að vinna enn frekar að sameiginlegum markmiðum Reykjavíkurborgar og Airbnb, þ.e. að koma í veg fyrir ólögmdæta skammtímaleigu á húsnæði í Reykjavík. Ofangreind vinna var öll unnin fyrir heimsfaraldur og nú er eðlilegt að staðan sé endurmetin, nú þegar komin er nokkur reynsla á ofangreint og ferðaþjónusta er aftur í miklum vexti. Lagt er til að það verði gert í samvinnu við sýslumannsembættið á höfuðborgarsvæðinu sem fer með eftirlit þessara mála, auk innviðaráðuneytisins og/eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.



Reykjavíkurborg

Innviðaráðherra lýsti þeirri skoðun á dögnum að til greina kæmi að sveitarfélög fengju aukið hlutverk við skilgreiningu reglna og eftirfylgni ofangreindra mála. Það er í takti við stefnu Reykjavíkurborgar. Á grunni frekari greiningar væri hægt að vinna tillögur að því hvernig skapa má sem besta umgjörð um ferðamannagistingu í borginni.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri